

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2010

frá 2. júlí 2010

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2010 frá 11. júní 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2010 frá 27. maí 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja ⁽²⁾.
- 3) Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002 ⁽³⁾ rann út 31. maí 2010, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Texti liðar 4b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1400/2002) í XIV. viðauka við samninginn hljóði svo:

„32010 R 0461: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 461/2010 frá 27. maí 2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja (Stjtið. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 52).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samninginn varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lok 6. gr.:

„Samkvæmt ákvæðum samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, getur Eftirlitsstofnun EFTA lýst yfir í tilmælum að taki samhliða net svipaðra lóðréttra takmarkana til meira en 50% viðkomandi markaðar í EFTA-ríkjunum skuli reglugerð

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 129, 28.5.2010, bls. 52.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 203, 1.8.2002, bls. 30.

Þessi ekki gilda um lóðrétt samninga sem hafa að geyma sértækar takmarkanir er varða þann markað.

Tilmælum samkvæmt 1. mgr. skal beint til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um útgáfu slíkra tilmæla.

Öll EFTA-ríki, sem tilmælum samkvæmt 1. mgr. er beint til, skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hvort þau samþykki tilmælin innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra. Ef þessi þriggja mánaða frestur líður án þess að svar berist skal túlka það sem samþykki EFTA-ríkisins sem sendir ekki svar.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, samþykkir tilmælin eða sendir ekki svar áður en fresturinn er liðinn skal því skylt samkvæmt ákvæðum samningsins að hrinda tilmælunum í framkvæmd innan þriggja mánaða frá útgáfu þeirra.

Ef EFTA-ríki, sem tilmælum er beint til, tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn að það samþykki ekki tilmælin skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna framkvæmdastjórninni það svar. Reynist framkvæmdastjórnin ósammála afstöðu EFTA-ríkisins gilda ákvæði 2. mgr. 92. gr. samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin skulu skiptast á upplýsingum og ráðfæra sig hvor við aðra við beitingu þessa ákvæðis.

Taki samhliða net svipaðra lóðrétt takmarkana til meira en 50% viðkomandi markaðar á Evrópska efnahagssvæðinu geta eftirlitsstofnanirnar tvær hafið samvinnu með það fyrir augum að samþykkja mismunandi ráðstafanir. Ef eftirlitsstofnanirnar tvær eru sammála um viðkomandi markað og að rétt sé að gera ráðstafanir í samræmi við þetta ákvæði, skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð sem beint er til aðildarríkja ESB og Eftirlitsstofnun EFTA efnislega samhljóða tilmæli sem beint er til EFTA-ríkisins eða EFTA-ríkjanna sem mynda viðkomandi markað.“ “

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 461/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*). Hún kemur til framkvæmda frá 1. júní 2010 að telja.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.